

um frv. til laga um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. álbræðslunefndar.

Sama dag og neðri deild kaus sérstaka nefnd til þess að fjalla um frumvarp til laga um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, hafði háttv. efri deild einnig kosið nefnd, sem fjalla skyldi um málið, ef til efri deildar kæmi. Var þetta gert eftir ósk iðnaðarmálaráðherra, Jóhanns Hafsteins, við 1. umræðu málsins, til þess að auðvelda afgreiðslu þess.

Nefndir beggja deilda hafa því unnið saman og haldið nokkra fundi, en þingmenn höfðu áður fengið tækifæri til þess að fylgjast með málinu, eins og nú verður greint frá.

Undirbúningur þessa máls á sér langan aðdraganda. Sérfræðingar hafa starfað á vegum ríkisstjórnarinnar um margra ára skeið.

Í ársbyrjun 1965 þótti sýnt, að samningar gætu þá hafizt milli svissnesks álfyrirtækis og ríkisstjórnarinnar um að reisa álbræðslu á Íslandi. Þar sem hér var um að ræða mjög umfangsmikið mál, auk þess sem málið átti sér ekki hliðstæðu í sögu Alþingis, taldi ríkisstjórnin rétt, að þingflokkarnir, í fyrstu þrír, síðan allir, skipuðu tvo þingmenn hver í sérstaka nefnd, er starfa skyldi undir forustu iðnaðarmálaráðherra og vinna að undirbúningi máls þessa fyrir Alþingi.

Þingmannanefndin hóf störf í febr. 1965, er frumdrög voru gerð að samningi þeim, sem nú er óskað eftir að öðlist lagagildi.

Nefndin hefur haldið 26 fundi. Fundi nefndarinnar sátu einnig sérfræðingar ríkisstjórnarinnar, sem unnu að þessu máli, þeir dr. Jóhannes Nordal bankastjóri, Eiríkur Briem framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, Brynjólfur Ingólfsson ráðuneyttisstjóri, Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri rannsóknaráðs og Hjörtur Torfason hdl.

Öll samningsuppköst voru lögð fyrir nefndina og þau yfirfarin, rædd og í ýmsu lagfærð eftir ábendingum nefndarmanna, auk þess sem raforkumálastjórnin lét nefndinni í té allar upplýsingar varðandi rannsóknir til undirbúnings virkjana.

Þá gafst nefndarmönnum tækifæri til þess að kynnast starfsemi svissneska fyrirtækisins í Noregi og Sviss, byggingu verksmiðju af sömu stærð og hér er gert ráð fyrir að reisa, slíkri verksmiðju í fullum gangi svo og ýmiss konar úrvinnslu áls. Einnig sáu nefndarmenn módeltilraunir í Þrándheimi af aðstæðum í Þjórsá við Búrfell vegna fyrirhugaðrar virkjunar þar.

Auk þessa hefur iðnaðarmálaráðherra gefið Alþingi skýrslur um gang málsins.

Þegar Alþingi fær mál þetta til meðferðar, verður ekki annað sagt en það hafi fengið þann bezta undirbúning, sem kostur var á.

Á sameiginlegum fundum nefnda beggja þingdeilda var samningurinn yfirfarinn, svo og raforkusamningurinn.

Sérfræðingar ríkisstjórnarinnar sátu einnig fundina, og gafst nefndarmönnum þar tækifæri til þess að fá upplýsingar svo og skýringar á einstökum atriðum samninganna.

Í greinargerð með frumvarpinu er ýtarlegt yfirlit yfir aðalsamninginn, auk þess gert yfirlit yfir aðra samninga, sem birtir eru sem fylgiskjöl. Þá er í greinargerð frumvarpsins gerð ýtarleg grein fyrir þjóðhagslegum áhrifum byggingar og rekstrar álbræðslu á Íslandi.

Við 1. umræðu málsins og á fundum nefndanna hafa háttv. stjórnarandstæðingar haldið fram gagnstæðum skoðunum við það, sem fram kemur í skjölum málsins, án þess — að dómi meiri hluta þessarar nefndar — að koma fram með þau rök máli sínu til stuðnings, sem fallizt verður á.

Nefndin varð því ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar (MÁM, BGr, JR, SI) telur mjög mikilvægt fyrir Íslendinga, að Alþingi staðfesti samninginn, sem iðnaðarmálaráðherra Jóhann Hafstein hefur undirritað f. h. ríkisstjórnarinnar.

Leggur meiri hluti nefndarinnar áherzlu á, að með samningi þessum sé Íslendingum tryggður mikill fjárhagslegur ávinningur, okkur verði gert kleift að ráðast í Búrfellsvirkjun á fjárhagslega hagkvæmum grundvelli, sem kemur fram í lægra raforkuverði en ella og örari uppbyggingu raforkukerfisins.

Gjaldeyrisstaðan mun halda áfram að batna og mun skapa möguleika fyrir auknum þjóðartekjum og þar með auknum vaxtarmöguleikum allra atvinnuvega landsmanna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1966.

Matthías Á. Mathiesen,  
form., frsm.

Benedikt Gröndal,  
fundaskr.

Jónas G. Rafnar.

Sigurður Ingimundarson.